

Fundargerð 7. fundar hreppsnefndar Ásahrepps haldinn að Laugalandi kl. 15 14. október 2014.

Mætt eru Egill Sigurðsson, Renate Hannemann, Nanna Jónsdóttir, Karl Ölvisson og Elín Grétarsdóttir. Björgvin G. Sigurðsson ritaði fundargerð.

Egill Sigurðsson oddviti setti fund og stjórnaði honum.

1. Fundargerð 6. fundar hreppsnefndar Ásahrepps kynnt.
2. Viðauki við fjárhagsáætlun ársins 2014.
3. **Styrkbeiðni.** Kolbrún Sigþórsdóttir óskar eftir því við Ásahrepp styrkur verði veittur vegna keppnisferðar Sigþórs Helgasonar. Sigþór hefur stundað íþróttir af miklu kappi síðustu ár og var nú á haustdögum valinn í Landslið Íslands U17 í blaki. Dagana 30. október til 2. nóvember mun Landsliðið taka þátt í Norðurlandamóti unglunga sem fram fer í Kettering á Englandi. Leikmenn þurfa sjálfir að standa straum af öllum ferðakostnaði sínum vegna ferðarinnar og er kostnaður á hvern leikmann 100.000 krónur. Blaksamband Íslands hefur gefið út staðfestingu sem fylgir.
4. Fundargerðir til afgreiðslu.
 - a. Fundargerð frá 29.09. 77. fundar Skipulags- og byggingafulltrúa. Liður 4. Málsnúmer 201409565648. Stofnun spildu, Hrútur 2, úr landi Hrúts Haga. Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu Skipulagsnefndar.
5. Fundargerðir til kynningar.
 - a. Fundur í stjórn Vatnsveitunnar 29.09.
 - b. Fundur stjórnar Skipulags- og byggingafulltrúa 11.09.
 - c. Fundargerð stjórnar Lundar 7.10.
 - d. Fundargerð stjórnar Lundar 17.09.
 - e. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Suðurlands 16.09.
6. Bréf og erindi til kynningar.
7. **Staðfesting á samningi við Tónsmiðjuna.** Samningurinn kveður á um að Tónsmiðja Suðurlands ábyrgist að kennsla þeirra nemenda, sem innritaðir eru í skólann sé í samræmi við lög og reglugerðir og aðrar stjórnvaldsákvæðanir sem áhrif kunna að hafa á rekstur tónlistarskóla. Miðað er við að skólinn kenni allt að 10 nemendum með lögheimili í Ásahreppi. Nemendur skulu fá kennslu í samræmi við námskrá menntamálaráðuneytis.
8. Önnur mál.

- a. Sveitarstjórn Ásahrepps samþykkir að óska eftir því við Arion banka að yfirdráttarheimild Lundar sem sveitarsjóður ábyrgist að upphæð kr. 15.000.000 verði framlengd í 12 mánuði og felur framkvæmdastjóra Lundar að ganga frá erindinu.
- b. Samþykkt umboð til fulltrúa sveitarfélagsins til að samþykkja með undirritun á stofnfundi byggðasamlags vegna málefna fatlaðra sem fer fram í framhaldi af ársþingi SASS hinn 22. október n.k.
- c. Guðmundur Daníelsson kynnti helstu atriðið er varða hönnun, útboð og lagningu ljósleiðara í Ásahreppi.